

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Seðlabankinn og sjávarútvegurinn



Sjávarútvegsdagurinn  
25. september 2019

Ásgeir Jónsson  
Seðlabankastjóri




# Samkeppnishæfni nýja Íslands

# Nýja Ísland er með varanlegan viðskiptaafgang...



Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af útflutningi 1864 - 2019<sup>1</sup>




1. Þriggja ára hlaupandi meðaltal, vöruskiptajöfnuður frá 1864 - 1945.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# vegna aukins sparnaðar...



Hlutfall einkaneyslu af vergri landsframleiðslu 1960 - 2019




Heimild: Hagstofa Íslands.

# ...og vaxtar í þjónustuviðskiptum

## Vöruskipta- og þjónustujöfnuður

1. ársfj. 2002 - 2. ársfj. 2019

Ma.kr.



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Ísland sem fjármagnsútflytjandi?

- Viðskiptaafangur er vitnisburður um sparnað - sem héraendis er m.a. knúinn fram með skylduframlögum í lífeyrissjóði.
- Hér áður greiddi fólk með annarri hendi til lífeyrissjóðanna en sló lán með hinni. En heimilin eru hætt að safna skuldum.
- Ísland hefur í kjölfarið breyst frá því að vera fjármagnsinnflytjandi með krónískan viðskiptahalla (líkt og var á árunum 1945-2008) og til þess að vera fjármagnsútflytjandi með viðskiptaafgang.
- Það mun leiða til lækkunar á langtímaraunvöxtum þegar litið er til framtíðar.

# Sjávarútvegurinn og gengið

# Sjávarútvegurinn og peningastefnan 1972-1989

- Sjávarútvegurinn var lengi vel viðmið peningastefnunnar – oft sett fram með hinni sk. 0 reglu.
- Ef sjávarútvegur var rekinn með tapi var gengið felld til þess að færa stöðuna aftur að núlli.
- Ef sjávarútvegur var rekinn með hagnaði hækkaði raungengið með verðbólgu og launahækkunum þar til aftur stóð á núlli.
- Landsmenn voru farnir að geta spáð fyrir um gengisfellingar (t.d. með því að horfa á fréttir af ársfundi LÍU).
- Þessi stefna fól í sér:
  - Stöðugar gengisfellingar og verðbólgu.
  - Lítinn hvata til hagræðingar eða áhættudreifingar.
  - Falið auðlindagjald þar sem hátt gengi færði fjármagn frá sjávarútveginum.




# Sjávarútvegurinn og peningastefnan frá 1993

- Síðasta gengisfellingin vegna sjávarútvegsins var árið 1993.
- Kvótakerfið hefur komið á stöðugleika í greininni – útgerðarmenn bíða ekki lengur eftir gengisfellingum til þess að rétta af rekstrarreikninginn.
- Sjávarútvegur vel í stakk búinn til þess að takast á við gengissveiflur vegna hlutaskiptakerfisins og öflugs alþjóðlegs markaðsstarfs.
- Hagræðingin getur hins vegar verið sársaukafull.

# Hagnaður í sjávarútvegi er nátengdur gengi krónunnar

## Hagnaður í sjávarútvegi og raungengi 1980-2017




# Lögmálið um sértæka áhættu – breytt staða sjávarútvegs í hagkerfinu


- Ef ein atvinnugrein hefur mikla sértæka áhættu (e. ideosyncratic risk) sem hefur ekki fylgni við áhættu í öðrum greinum...
- ...mun hátt efnahagslegt vægi valda þjóðhagslegum óstöðugleika – þar sem hún hefur mátt til þess að hreyfa hagkerfið af eigin afli...
- ...en um leið og vægi hennar minnkar fer hin sértæka, ófylgna áhætta að skila áhættudreifni...
- Sjávarútvegur er kominn á þann stað núna í efnahagslífinu að sú áhætta sem fylgir greininni er **farin að skapa stöðugleika í heildarsamhengi.**
- Það er frábært að ein helsta útflutningsgrein landsins skuli hafa sértæka áhættuþætti sem eru ótengdir öðrum greinum.

# Vægi sjávarútvegs í útflutningi vöru og þjónustu hefur tekið miklum breytingum

Hlutdeild sjávarafurða í heildarvöruútflutningi 1950-2019



Útflutningur vöru og þjónustu 2009 - 2019



Ferðaþjónusta er samtala á þjónustuflokknum „ferðalög“ þ.e. tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi, og „farþegaflutningum með flugi“, þ.e. tekjur íslenskra flugfélaga af því að flytja erlenda farþega. Árlegar og uppsafnaðar ársfjórðungslegar tölur.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

# Hlutverk sjávarútvegsins á nýrri öld

## *Stöðugleiki*

Sértæk  
áhætta og  
minni sveiflur  
í greininni  
skila áhættu-  
dreifni fyrir  
þjóðarbúið

## *Nýsköpun*


Hliðarstörfum  
fjölgað,  
tækni-  
breytingar,  
breytt  
mannaflapörf,  
markaðsstarf,  
virðiskeðjur

## *Framleiðni*


Aðlögun  
rekstrar,  
samþjöppun,  
tækni-  
nýjungar

# Verð sjávarafurða í erlendri mynt hefur hækkað og vegið upp á móti loðnubresti og minni veiða en í fyrra

Uppsafnað aflamagn frá ársbyrjun



Matvöruverð á heimsmarkaði og útflutningsverð sjávarafurða 2002 - 2019





# Seðlabankinn og sjávarútvegurinn


# Tæki Seðlabankans sem hafa áhrif á gengi krónunnar:

- Vextir
- Gjaldeyrisinngrip
- Fjárstreymistæki



# Sögulegar gengissveiflur krónunnar


## Raungengi 1980-2019



# Skammtíma vaxtamunur við útlönd

## Skammtíma vaxtamunur gagnvart evrusvæðinu

2. janúar 2015 - 21. ágúst 2019




- Vaxtamunur<sup>1</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir mismun skuldatryggingarálags<sup>2</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir sögulegu gengisflökti<sup>3</sup>

1. Vaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti. 2. Munur á fimm ára skuldatryggingarálagi á ríkissjóð. 3. Hlutfall vaxtamunar og þriggja mánaða staðal fráviks daglegra gengisbreytinga.

Heimildir: Thomson Reuters, Seðlabanki Íslands.

## Skammtíma vaxtamunur gagnvart Bandaríkjunum

2. janúar 2015 - 21. ágúst 2019




- Vaxtamunur<sup>1</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir mismun skuldatryggingarálags<sup>2</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir sögulegu gengisflökti<sup>3</sup>

1. Vaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti. 2. Munur á fimm ára skuldatryggingarálagi á ríkissjóð. 3. Hlutfall vaxtamunar og þriggja mánaða staðal fráviks daglegra gengisbreytinga.

Heimildir: Thomson Reuters, Seðlabanki Íslands.

# Langtímavaxtamunur við útlönd


Langtímavaxtamunur gagnvart evrusvæðinu  
2. janúar 2015 - 21. ágúst 2019



- Vaxtamunur<sup>1</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir mismun skuldatryggingarálags<sup>2</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir sögulegu gengisflökti<sup>3</sup>

1. Vaxtamunur miðað við 10 ára ríkisskuldabréf. 2. Munur á fimm ára skuldatryggingarálagi á ríkissjóð.  
3. Hlutfall vaxtamunar og þriggja mánaða staðal fráviks daglegra gengisbreytinga.  
Heimildir: Thomson Reuters, Seðlabanki Íslands.

Langtímavaxtamunur gagnvart Bandaríkjunum  
2. janúar 2015 - 21. ágúst 2019



- Vaxtamunur<sup>1</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir mismun skuldatryggingarálags<sup>2</sup>
- Vaxtamunur leiðréttur fyrir sögulegu gengisflökti<sup>3</sup>

1. Vaxtamunur miðað við 10 ára ríkisskuldabréf. 2. Munur á fimm ára skuldatryggingarálagi á ríkissjóð.  
3. Hlutfall vaxtamunar og þriggja mánaða staðal fráviks daglegra gengisbreytinga.  
Heimildir: Thomson Reuters, Seðlabanki Íslands.


# Um vaxtamun við útlönd

- Háir nafnvextir á Íslandi bera vitni um:
  - Mikla verðbólgu og miklu hærri takt í launahækkunum – sem valda háum verðbólguvæntingum.
  - Mikinn hagvöxt og fólksfjölgun sem hækkar raunvaxtastig.
- Mikill vaxtamunur við útlönd dregur að erlent fjármagn, hækkar nafngengið og rýrir samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuvega.
- Seðlabankinn hefur náð árangri við framfylgd verðbólgu markmiðs sem hefur leitt til lægri verðbólguvæntinga – og mun leiða til lægri vaxtamunar við útlönd.


# Gjaldeyrisinngrip Seðlabankans



## Gjaldeyrisforði Seðlabankans




## Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri og hlutdeild Seðlabankans



## Uppsöfnuð gjaldeyriskaup Seðlabankans

Sept. 2008 til sept. 2019



Forði fjármagnaður í íslenskum krónum er gjaldeyrisforðinn að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Hlutverk forðans

- Seðlabankinn býr yfir 800 milljarða gjaldeyrisforða til þess að geta tryggt stöðugleika.
- Forðinn hefur skapað nýja tiltrú á krónunni og peningastefnunni.
- Forðanum er nú beitt til þess að draga úr óhóflegum skammtímasveiflum í gengi krónunnar – eða sk. skrúfumyndun.
- Ekki hlutverk Seðlabankans að hindra breytingar á gengi krónunnar sem drifnar eru áfram af undirliggjandi efnahagsþáttum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Sjávarútvegurinn og peningastefnan

